

■ Athygliverð grein **Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur og Ingu Dóru Björnsdóttur í** evrópsku kvennafræðitímariti fjallar um eðlishyggju Kvennalistans og þau áhrif sem hún hefur haft á innri störf Kvennalistans. *Guðrún Vilmundardóttir* kynnti sér málið í gárdag og ræddi við **Kristínu Ástgeirs dóttur og Helgu Sigurjónsdóttur**

Refsingar innan Kvennalistans



Sigríður Dúna Kristmundsdóttir: Prátt fyrir að eðlishyggjan hafi að mörgu leyti reynst sterk aðferð hefur hún leitt til þess að konum, sem hafa ekki uppfyllt öll skilyrði Kvennalistans, hefur verið refsaoð.

I grein í tímáritinu *The European Journal of Women's Studies* gera þær Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og Inga Dóra Björnsdóttir að umtals-efni sínu eðlishyggju Kvennalistans og þau áhrif sem sú hyggja hefur haft á innri störf og áherslur Kvennalistans.

I greininni segir að Kvennalistinn hafi lagt áherslu á að konur séu í eðli sínu ólskar karlmönnum og að þær hafi eitthvað allt annað og betra en beir að bjóða samfélögum. Rauðsokkurnar vildu meina að til að jafnrétti, völdum og virðingu í karlasamfélagini yrðu konur að haga sér eins og karlmenn. En samkvæmt eðlishyggju Kvennalistans er leiðin til kvenfrelsis að leggja áherslu á kvenlegt og móðurlegt eðli, sem er innbyggt í svokallaða kvennamenningu. Inní i hugmyndinni um eðlislegan mun karla og kvenna var að konur áttu að vera sterkari síðeröislega og réttlávari, og var það ein ástæða til að nærværa þeirra í stjórnsýslunni var talin í nauðsynleg.

I greininni segir enn fremur að þó að eðlishyggjan hafi að mörgu leyti reynst sterk aðferð, hafi hún þó sínar neikvæðu hliðar. Hún hefur leitt til þess að konum, sem hafa ekki uppfyllt öll skilyrði Kvennalistans, hefur verið refsaoð, það hefur verið þaggad niður í þeim og þær jafnvel látnar yfirgefa Kvennalistann.

Upphaflega var kvennamenning áltin spretta upp af öllum sérstökum upplifunum kvenna frá blautu barnsbeini til gamals aldurs. En með tímum var aðaláhersla lögð á reynslu kvenna af barnsburði og á hefðbundnu móður og húsmóðurhlutverkin og þessi atriði urðu samnefnari fyrir kvennamenninguna. Hid sanna eðli konu kemur ekki fram fyrr en hún eingast barn.

Aðstæðan fyrir því að Kvennalistinn hefur refsaoð konum innan sinna vébanda er meðal annars sú mótsögn sem felst í eðlishyggjunni. Eðli konunnar, ákvæði af barnsburði, er háð hjálp karlmanns og það verður meira að segja að vera réttur maður, skoðanir hans og síðeröileg hegðun verður að vera Kvennalistanum þóknunleg. Neikvæð viðbrögð gagnvart konum sem hafa tekið saman við „óvininn“ eru tengd þeiri hugmynd að konur



Helga Sigurjónsdóttir: Kvennalistinn er ranglega ásakaður fyrir að gera lítið úr barnlausum konum. Það sem mér hefur fundist að Kvennalistanum frá fyrstu tíð er það sem er einfaldlega hægt að kalla skoðanakúgun.

síðeröilega sterkari og heiðarlegri en karlmenn, en það var ein aðal-ástæðan fyrir því að kvennahreyfingin ákvað að taka þátt í stjórmálum.

I niðurlagi greinarinnar segir að þegar eðlishyggjan stýri málflutningi feminista, eins og hjá Kvennalistanum, sem konur með ólskar skoðanir og ólskan bakgrunn kúgaðar en kvenfrelshreyfingin var einmitt sett á laggirnar til að frelsa konur undan kúgun.

Alþýðublaðið leitaði álits **Helgu Sigurjónsdóttur** kennara og fyrverandi Kvennalistakonu og **Kristínu Ástgeirs dóttur** þingkonu Kvennalistans á fullyrödingum um að Kvennalistinn refsi konum sem falli ekki að ákveðinni ímynd, að konum hafi verið refsaoð fyrir „syndir“ eiginmannanna og að móðurhlutverkið sé sett á slískan stall að barnlausum konum finnist þær úti á kanti.

Helga Sigurjónsdóttir, kennari

„Við Helga Kress vorum upphaf-konur þess að tala um kvennamenningu. Tilgangurinn var sá að hverfa frá þeiri neikvæðni sem hafði ein-kennt kvennabaráttuna, allt sem tengdist konum og þeirra störfum var neikvætt og minna virði en það sem við köllum karlameiningu. Það er staðreynd að konur eru mæður og það skiptir gífurlega miklu mál fyrir líf kvenna. Ég held að það væri ekki mikil þörf á kvennabaráttu ef konur byrftu ekki að taka ábyrgð að börnum og heimili. Það hefur ákaflega lítið þokast í rétta átt í því sambandi. Það á ekki að líta á konur eingöngu sem mæður en það má ekki horfa fram hjá því að konur eru mæður og það verður að skipa málum þannig að konur tapi ekki að nokkurn hátt þó að þær séu mæður.“

Ég get ekki um það sagt hvort barnlausum konum finnist þær úti á kanti í Kvennalistanum en ég kannast við það úr Rauðsokkuhreyfingunni, sem þó var talin karlmannleg, að barnlausum konum fannst þær útundan. Þannig að ég held að Kvennalistinn sé ranglega ásakaður fyrir að gera lítið úr barnlausum konum.

Það sem mér hefur fundist að Kvennalistanum frá fyrstu tíð er það sem er einfaldlega hægt að kalla skoð-

anakúgun. Aftur og aftur var ég tekin að beinrið og sagt við mig: „Þú mátt ekki segja...“ og svo var vitnað í eitt-hvað sem ég hafði áður sagt. Á sínum tíma mátti ég til dæmis alls ekki segja að mér fannst hlutinir vera að endur-taka sig úr Rauðsokkuhreyfingunni. Ég var örugglega ekki ein um þetta.

Pess vegna meðal annars sagði ég mig úr Kvennalistanum, maður nennir ekki að standa í svona skoðanakúgun. Ég útskýri hana með öryggi kvenna-anna; þær hljóta að vera óöruðgar með sig og sitt til að láta svona, til að þurfa að einni sameiginlegri hækju að halda.

Ég þekki báðar konurnar sem eru nefndar sem dæmi um að hafa verið refsaoð fyrir syndir eiginmannanna. Það er alveg út í hött að bendla konu við viðskipti manns hennar og enn verra að skipta sér af því hvort eigin-maður konu er hægri eða vinstrisín-aður.“

Kristín Ástgeirs dóttir, þingkona Kvennalistans

„Ég hef ekki lesið greinina, en það sem þó berð undir mig finnst mér stórar og alvarlegar fullyrödingar, enda veit ég til þess að þessari grein var hafnað af Norræna kvennatímaritinu *Norð*. Ég met Sigríði Dúnu mikils og finnst leitt að hún skuli vera að skrifa svona.

Það er auðvitað ljóst að það hafa alltaf verið uppi hugmyndir um hvernig konur eigi eða megi vera, en ég lít pannig að það sé einmitt gegn þeim hugmyndum sem Kvennalistinn vill beita sér; við höfum lagt áherslu á hugtakið kvenfrelsi. Ég kannast ekki við pá lýsingu á Kvennalistanum, að konur hafi verið hraktar í burtu.


Ég kannast við bæði dæmin sem eru nefnd um konur sem er refsaoð vegna eiginmannanna; Annað er nái af greinarhöfundir og það er ein ástæðan fyrir því að Norræna kvennatímaritið hafnaði greininni. Þetta er dálítið undarleg fræðimennska, mér finnst greinarhöfundar tefla fræðimannsheiðri sínum á tæpasta vað. Hitt dæmið var erfitt að því leyti að sem eiginkona bar konan fjárhagslega ábyrgð í erfiðu mali. Hún hefur sjálf gagnrýnt hvernig var brugðist við en hún er enn í Kvennalistanum.

Maður veit auðvitað ekki hvað sá



Kristín Ástgeirs dóttir: Ég kannast ekki við pá lýsingu á Kvennalistanum, að konur hafi verið hraktar í burtu. Ég kannast ekki við að Sigríði Dúnu hafi verið hafnað, hvað sem hún hefur upplifað sjálf.

A-myndir: E.O.



Leigjenda-skipti

Leiguhorn þetta er hér endurbirt vegna tveggja meinlegra villna sem á óskiljanlegan hátt slæddust inn við setningu þess síðastliðinn fimmtudag. Hlutadeigandi eru beðnir vel-virðingar:

Leigan



Jón Kjartansson
frá Pálmholti,
formaður
Leigjendasam-takanna, skrifar

Maður hringdi, hann var að flytja úr fbú og annar að flytja inn. Sá sem flytur út hafði samið við eiganda um að fara áður en uppsagnarfrestrur er liðinn. Þar sem nýr leigjandi (ekki „eigandi“) er kominn strax er um tvennt að ræða; nýr leigjandi tekur við samningi þess sem fór, en það er svökkuðu framleiga, eða eigandi gerir upp málin við þann sem fer og af-hendir honum tryggingafé eða leggur fram kröfur, ef einhverjar eru. Síðan gerir eigandi nýjan samning við þann sem kemur.

Sem maðurinn er að ljúka frágangi fbúðarinnar er hann flytur úr, er hringt til hans frá leigumiðlun og honum til-kynnt að hann eigi að greiða fyrir samningsgerð hins nýja leigjanda og eigandans. Því neitaði hann vitaskuld. Í 1. málsgrein 77. greinir húsaleigu-laga segir: „Leigumiðlara ber þóknun úr hendi leigusala fyrir að koma á leigusamningi.“ Og síðar í 2. málsgrein: „Óheimilt er leigumiðlara að taka bóknun af leigjanda (tvö orð sem félur út) fyrir miðlunina og gerð leigu-samnings.“

Telji eigandi sig eiga eitthvað óup-pert við fráfarandi leigjanda, ber honum að snúa sér til hans því leigumiðlari getur ekki krafið leigjanda um greiðslu. ■

Höfundur er formaður Leigjendasamtakanna.

Lotto

Vinningstölur laugardaginn: 5. ágúst 1995

VINNINGAR	FJÖLDI VINNINGA	UPPHÆÐ Á HVERN VINNING
1. 5 af 5	0	2.017.272
2. +4 af 5	2	149.320
3. 4 af 5	76	6.770
4. 3 af 5	2.388	500

BÓNUSTALA: 14
kr. 4.024.432

UPPLÝSINGAR, SÍMSVARÍ 91-68 15 11
LUKKULÍNA 99 10 00 - TEXTAVARP 451

Aðaltölur:

3	4
11	22

BÓNUSTALA:

14